

	<p>Heiða Elín Jóhannsdóttir Innanhússarkitekt.FHI.</p>
<p>Menntun</p>	<p>Innanhússarkitekt frá Skolen for Boligindretning, Kaupmannahöfn 1979</p>
<p>Vinnustaður</p>	<p>Innanhússarkitektar eitt-A, Laugavegi 26. Þar deilum við húsnæði með tveimur arkitektastofum og landslagsarkitektum.</p>
<p>Netfang og/eða farsími</p>	<p>heidaelin@simnet.is Gsm 698 7121</p>
<p>Gerðist félagsmaður</p>	<p>8. apríl 1997</p>
<p>Viðfangsefni /starf</p>	<p>Vinn við að hanna allt sem viðkemur innra skipulagi húsnæðis fyrir fyrirtæki, stofnanir og heimili. Undanfarin ár hafa helstu verkefni verið hönnun skrifstofuhúsnæðis þar sem örar breytingar og þróun hafa verið og vakning fyrir gæðum vinnuumhverfis fólks. Við lausn verkefna vinn ég ýmist í hópi eða ein og fer það eftir umfangi þeirra. Helstu sýnilegu verkefni nýverið hafa verið endurgerð útibúa Spron, verkefni hjá Frjálsa Fjárfestingabankanum, Netbankanum og Stoð ehf.</p>
<p>Þælingar mínar tengdar vinnuvistfræði</p>	<p>Frjóar samræður við vinkonur vöktu áhuga minn á mikilvægi vinnuvistfræði fyrir fjölda ára. Það voru þær Guðlaug Pálsdóttir heitin og Þórunn Sveinsdóttir sjúkraþjálfari sem hafa verið frumkvöðlar á sviði vinnuvistfræði á Íslandi.</p> <p>Innanhússarkitekt þarf að hafa vinnuvistfræði að leiðarljósi í allri sinni vinnu. Hún snertir í raun alla þætti í því umhverfi sem við erum að hanna, s.s. skipulag, lýsingu, hljóðvist, húsgagnaval, liti, efnisval o.fl. Allt hefur þetta áhrif á líðan fólks líkamlega og andlega. Ég var þáttakandi í þverfaglegum vinnuhópum á vegum Vinnís fyrstu starfsár þess sem var mjög skemmtilegt og gefandi. Nú þegar hægt hefur hressilega á í vinnu margra er lag að endurvekja þessa hópa .</p>
<p>Eitt af því skemmtilegasta sem ég hef gert</p>	<p>Öll útivist, ferðalög og samvera með fjölskyldu og vinum er það skemmtilegasta sem ég geri fyrir utan vinnu.</p>

Skíðin eru þar í toppsæti, síðan golf, fjallgöngur, útilegur og veiði. Það að búa í Danmörku í 6 ár hefur hiklaust verið mótandi og þeirra afslappaða lífsviðhorf hef ég reynt að tileinka mér SPIS, DRIK OG VÆR GLAD.